

Sunnudaginn 25. október, 2009 - Sunnudagsmoggi
Myndlist - Breiðakur 17-19, Akrahverfi, Garðabæ

Fagurfræðilegir eiginleikar nýbygginga

Fokhelt, samsýning tíu listamanna ***1/2



Verk Ívars Valgarðssonar, Aðdragandi, 2009, á sýningunni í Garðabæ.
Til 8. nóv. Opið 12-16 lau. og sun. Aðgangur ókeypis.

Hugmyndin að sýningunni Fokhelt kviknaði í umróti síðasta vetur. Hugmyndasmiður og sýningarstjóri er Þóroddur Bjarnason, í allt sýna níu myndlistarmenn og einn rithöfundur verk sín.

Listamennirnir nálgast rýmið á margvíslegan máta. Helga G. Óskarsdóttir rýnir í smáatriði steinsteyptra veggja, sama gerir Sara Björnsdóttir. Finnur Arnar Arnarson dregur upp nóturlega mynd af neysluhyggju. Kristinn G. Harðarson málar myndasögur á vegg, innihaldsrík verk og kveikjur að hugleiðingum. Þóroddur Bjarnason minnir á litla manninn, meðaljóninn. Erla S. Haraldsdóttir sýnir mynd af betlandi konu, blanda hennar af teikningu og ljósmynd er sérstök og áleitin. Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur vinnur í anda hugmyndalistar þegar hann notar staðlað form fasteignaauglýsinga til að setja fram texta með ljóðrænni samfélagsádeilu. Umgjörðin og sum verkanna, t.d. snúrur og ljós Ívars Valgarðssonar, fokheldar bænir Hildigunnar Birgisdóttur og naumhyggjuverk Ingólfs Arnar Arnarsonar minna á list Arte Povera.

Val á sýningarstað gefur til kynna viðleitni til að bregðast við ákveðnu ástandi í samfélaginu, vekja athygli á því og láta um leið ekki deigan síga. Það má þó ekki gleyma því að þó að einhver afföll hafi orðið hjá galleríum í Reykjavík eru nær allir sýningarsalir myndlistarmanna enn starfandi og sömuleiðis listsjódir. Listamenn þurfa því að sjálfsögðu ekki að leita í auðar nýbyggingar til að koma list sinni á framfæri, en það getur verið þeim innblástur til nýrra verka.

Framtakið er lofsvert og húsnæðið óvenjulegt og hlaðið merkingu. Það er síðan listamannanna að taka þessa þætti skrefinu lengra. Áherslan á að vinna með fagurfræðilega eiginleika rýmisins er áberandi en sum verkin leitast þó einnig við að kryfja hina ósýnilegu merkingu þess í tengslum við ástandið í samfélaginu. Fagurfræði nýbygginga er ekki óþekkt í verkum íslenskra listamanna, eins og ljósmyndir Hrafnkels Sigurðssonar og Óskar Vilhjálmsdóttur eru dæmi um en hér er nýbyggingin í öðru hlutverki.

Fokhelt er áferðarfalleg sýning þar sem rými og listaverk njóta sín til hins ýtrasta. Áherslan á fagurfræði rýmisins dregur heldur úr mögulegum slagkrafti sýningarinnar sem beinu innleggi í samfélagsumræðuna en niðurstaðan er engu að síður eftirminnileg myndlistarupplifun, í tengslum við sérkennilegar aðstæður í samtímanum.

Ragna Sigurðardóttir